



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 14. september 2023
1510002 JKÁ

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 2024

Á 119. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, sem fram fór 8. september síðastliðinn, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

„Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að fyrirbyggjandi tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2024 verði send aðildarsveitarfélögum til samþykktar og fjármálastjórum sveitarfélaganna vegna fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna 2024.“

Afgreiðsla sveitarfélaga:

Meðfylgjandi eru tillögur að annars vegar fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2024 og hins vegar tillaga að starfsáætlun nefndarinnar fyrir tímabilið september 2023 til maí 2024.


Er farið fram á að þessar tillögur verði teknar til efnislegrar umræðu og samþykktar á vettvangi sveitarfélagsins.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síður en 10 október nk. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is

Fylgigögn:

Tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2024, dags. 4. september 2023

Tillaga að starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar september 2023 – maí 2024, dags. 4. september 2023

Virðingarfyllt,

Jón Kjartan Agústsson
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins